



## Stofnanasamningur milli Sjúkraliðafélags Íslands (SLFÍ) og Landspítala (LSH) um forsendur röðunar starfa.

### 1. Inngangur

Sjúkraliðafélag Íslands og Landspítali gera með sér eftirfarandi stofnanasamning um forsendur röðunar starfa sjúkraliða á stofnuninni.

### 2. Gildissvið

Stofnanasamningur þessi nær til allra sjúkraliða og sjúkraliðanema sem starfa á Landspítala og njóta ráðningarkjara samkvæmt gildandi kjarasamningi Sjúkraliðafélags Íslands og fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs.

### 3. Markmið

Samningsaðilar eru sammála um eftirfarandi meginmarkmið stofnanasamningsins:

- Að efla samstarf sjúkraliða og starfsfólks Landspítala til að tryggja betur gæði heilbrigðisþjónustunnar.
- Að veita sjúkraliðum tækifæri til að þróast og efla sig í starfi og þar með aukna möguleika á bættum kjörum.
- Að launakerfið miðist við að ráða, halda í og styðja sjúkraliða sem hafa hæfni og vilja til að leysa þau verkefni sem spítalanum er ætlað að sinna.
- Að stuðla að skilvirku launakerfi sem tekur mið af þörfum og verkefnum Landspítala.
- Að launakerfið feli í sér tækifæri fyrir sjúkraliða til áhrifa á framgang í starfi.
- Að ákvarðanir um launaröðun séu teknar með málefnalegum hætti.
- Að launakerfið nýtist sem stjórnþæki til að ná fram markmiðum.

### 4. Starfaflokkun og grunnröðun í launaflokka

Við ákvörðun um röðun starfa í launaflokka eru fyrst og fremst metin þau verkefni og skyldur sem felast í störfum sjúkraliða auk þeirrar færni sem þarf til að inna starfið af hendi. Við mat á þessum þáttum skal miða við starfslýsingar, verklýsingar og að öðru leyti mat á störfunum sem byggir á hlutlægum mælikvörðum þannig að samræmis sé gætt milli sambærilegra starfa.

	<u>Lfl./álagsþrep</u>
Sjúkraliðanemi .....	09-0
Sjúkraliði A – 0-12 mánuðir í starfi .....	17-0
Sjúkraliði B – 12-24 mánuði í starfi.....	18-0
Sjúkraliði C – eftir tvö ár í starfi .....	18-1
Sjúkraliði D – eftir fimm ár í starfi.....	19-1
Sjúkraliði E .....	21-1
Sjúkraliði F .....	23-0
Sjúkraliði S .....	25-1

Sjá nánari lýsingu á starfaflokkun í fylgiskjal 1 meðfylgjandi samningi þessum.



Til viðbótar við grunnröðun skal taka mið af persónubundnum þáttum í starfi, sbr. gr. 5 hér á eftir. Sjúkraliði með a.m.k. þriggja ára starfsreynslu sem ræður sig til starfa á LSH á rétt á endurmati á röðun eftir sex mánuði í starfi.

Skilyrði fyrir því að færast á milli starfslýsinga er ekki eingöngu starfsaldur. Verkefni og ábyrgð í starfi skv. starfslýsingu stýra einnig röðun.

## 5. Persónubundnir þættir til ákvörðunar um röðun sjúkraliða í launaflokka

- Sjúkraliði sem lokið hefur viðbótarmenntun sjúkraliða, einni önn á sérsviði, sem nýtist í viðkomandi starfi samkvæmt mati samstarfsnefndar SLFÍ og LSH hækkar um eitt álagsþrep.
- Sjúkraliði sem lokið hefur viðbótarmenntun í fleiri en einni grein, sem nýtist honum í starfi hækkar um eitt álagsþrep til viðbótar við hækkun samkvæmt a.
- Sjúkraliði sem lokið hefur símenntun og fengið námskeiðsstundir metnar í samstarfsnefnd SLFÍ og LSH (sbr. reglur matsnefndar) hækkar um eitt þrep fyrir 120 stunda nám, eitt þrep fyrir 180 stunda nám, eitt þrep fyrir 240 stunda nám og eitt þrep fyrir 300 stunda nám<sup>1</sup>. Hámarkshækkun vegna símenntunar er því samtals fjögur þrep.
- Sjúkraliði í starfaflokkun A-F sem lokið hefur eins árs sérnámi (t.d. í geð- og öldrunarhjúkrun) en hefur ekki verið ráðinn samkvæmt starfslýsingu S hækkar um tvö launaþrep. Sjá bókun 5.
- Sjúkraliði sem lokið hefur fagnámi til diplómaprófs fyrir starfandi sjúkraliða hækkar um tvö þrep.

Starfsmaður sem hefur áunnið sér hækkun, vegna persónubundinna þátta o.fl., ofan á grunnlaunatölu launaflokks sem er umfram átta álagsþrep færast í næstu launatölu í næsta launaflokki fyrir ofan, að andvirði einnar þrepahækkunar.

## 6. Næturvinna

Sé gert ráð fyrir að 50% af fullu starfi eða meira sé unnið að næturlagi (þ.e. næturvakt sem unnin er á tímabilinu 23:00 til 08:30) skal þess sérstaklega getið í starfslýsingu og ráðningarsamningi við viðkomandi starfsmann.

Næturvinna	50%	3 þrep
Næturvinna	60%	4 þrep

## 7. Réttur til endurmats á röðun

Telji starfsmaður að honum sé ekki rétt raðað miðað við fyrirliggjandi forsendur á hann rétt á að fá röðun sína endurmetna. Ágreiningsmálum skal skotið til samstarfsnefndar, sbr. 11. kafla kjarasamnings.

<sup>1</sup> Breyting gerð 12.07.2018, gildir frá 01.06.2018. Þeir sem voru komnir með 3 þrep vegna 210 stunda náms samkvæmt eldri samningi fá ekki hækkun þegar þeir ná 240 stundum en eins þrepa hækkun þegar þeir ná 300 stundunum.



## 8. Gildistaka

Samningur þessi gildir frá og með 1. september 2023.

Ný launaröðun er færð inn í mannauðs- og launakerfi frá og með 1. janúar 2024 en tímabilið 1. september – 31. desember 2023 er útfært með eingreiðslu sbr. fundargerð með stofnanasamningi dags 08.01.2024

Reykjavík, 08. janúar 2024

f.h. Landspítala

f.h. Sjúkraliðafélags Íslands



## Fylgiskjal 1 - Starfaflokkun

Við ákvörðun um röðun starfa innan þess svigrúms sem um er að ræða skal taka tillit til staðsetningar starfs í skipuriti, eðli starfsins, ábyrgðar og umfangs og miða við að um sé að ræða viðvarandi/stöðugt verkswið, sbr. 4. gr. hér að framan.

### Nánar um starfaflokkun sbr. 3. gr.

Sjúkraliðanemi Sjúkraliðanemi í starfsþjálfun

Sjúkraliði A Sjúkraliði á fyrsta starfsári; 0-12 mánuðir í starfi. Byrjandi í starfi er nýtur tilsagnar reynds fagaðila við störf sín.

Sjúkraliði B Sjúkraliði á öðru starfsári; 12-24 mánuði í starfi. Starfar sjálfstætt án beinnar tilsagnar og tekur þátt í þróun starfs á sinni einingu. Metur árangur starfsins og þeirrar meðferðar sem veitt er á viðkomandi starfseiningu.

Sjúkraliði C Sjúkraliði eftir tvö ár í starfi. Skipuleggur og forgangsraðar störfum sínum og verkefnum í samræmi við hjúkrunaráætlun deildar sinnar og er fær um að leiðbeina sjúkraliðanemum.

Sjúkraliði D Eftir 5 ár í starfi. Sjá nánar starfslýsingu (sjá bókun 4)

Sjúkraliði E Sjá nánar starfslýsingu (sjá bókun 4)

Sjúkraliði F Sjá nánar starfslýsingu (sjá bókun 4)

Sjúkraliði S Sérstaklega skilgreind störf sjúkraliða sem lokið hafa viðbótarnámi, þ.e. eins árs sérnámi t.d. í geð- eða öldrunarhjúkrun.



## Fylgiskjal 2 - Bókanir

### Bókun 1 - Námsmatsnefnd

Vinnuhópur á vegum samstarfsnefndar LSH og SLFÍ, sem skipaður er einum fulltrúa frá hvorum aðila hefur umsjón með og gerir tillögur um mat á námskeiðum og öðru námi sem nýtist sjúkraliðum í starfi sbr. grein 5 í stofnanasamningi.

### Bókun 2 - Sjúkraliðar af sjúkraliðabré<sup>2</sup>

Sjúkraliðar sem ljúka námi eftir sjúkraliðabré á forsendum starfs hjá LSH og sem eru starfsmenn LSH á meðan á námi stendur raðast miðað við eins árs starfsreynslu og teljast því vera sjúkraliðar B samkvæmt starfaflokkun í stofnanasamningi aðila.

1. Starfsmenn þessir skulu ekki lækka í launum við að færast á milli stéttarféлага í tilefni af sjúkraliðanámi ef þeir halda áfram í sama starfi að námi loknu (með þeirri einu breytingu að fara að starfa samkvæmt starfslýsingu sjúkraliða)
2. Þeir sem fara í hærri röðun en röðunarkerfi stofnanasamnings kveður á um vegna liðar 1 hér að framan hækka ekki í launum eftir yfirfærslu fyrr en þeir hafa uppfyllt röðunarforsendur stofnanasamnings eins og aðrir sjúkraliðar (þurfa að ná upp í "loftflokka" áður en til frekari hækkunar kemur síðar).

### Bókun 3 - Sjúkraliðar í rannsóknakjarna

Að teknu tilliti til starfslýsingar sjúkraliða í rannsóknakjarna á rannsóknarsviði, mun LSH styðjast við eftirfarandi starfaflokkun viðkomandi sjúkraliða, sbr. nánar gildandi stofnanasamning milli LSH og Sjúkraliðafélags Íslands:

- Byrjandi í starfi á deildinni raðist til launa samkvæmt starfaflokkun sjúkraliða C (grunnlaunaf. 18-1)
- Eftir eitt ár í starfi á deildinni fer sjúkraliði í starfaflokkun D (grunnlaunaf. 19-1)
- Eftir þrjú ár í starfi á deildinni fer sjúkraliði í starfaflokkun E (grunnlaunaf. 21-1)
- Eftir sex ár í starfi á deildinni fer sjúkraliði í starfaflokkun F (grunnlaunaf. 23-0)

Sjúkraliði sem hefur áunnið sér rétt til röðunar í starfaflokkun D, E eða F annars staðar á LSH heldur þeirri röðun við flutning á rannsóknakjarna. Sama gildir um reynslu annars staðar frá sem viðkomandi yfirmaður á LSH metur sambærilega.

Að öðru leyti gilda ákvæði stofnanasamnings LSH og Sjúkraliðafélags Íslands um röðun og mat á menntun sjúkraliða á rannsóknakjarna.

### Bókun 4 - Endurskoðun starfaflokkunar

Endurskoðun á starfaflokkun sjúkraliða í fylgiskjali 1 verður lokið með samkomulagi haustið 2022. Starfslýsingar sjúkraliða eru í skoðun og verða uppfærðar í samræmi við þekkingar, leikni og hæfniviðmið sem gerð eru til sjúkraliðanáms, auk laga nr. 34/2012 um heilbrigðisstarfsmenn og reglugerð nr. 511/2013 um menntun, réttindi og skyldur sjúkraliða og skilyrði til að hljóta starfsleyfi.

### Bókun 5 - Sjúkraliðar með sérnám

Ákvæði í grein 5-d. um umbun til handa þeim sem lokið hafa sérnámi í sérhæfðum störfum í heilbrigðisþjónustu (t.d. í geð- og öldrunarhjúkrun) kemur ekki í stað starfa samkvæmt starfslýsingu S. Ákvæðið má ekki hindra fjölgun starfa samkvæmt starfslýsingu S á Landspítala né heldur leiða til fækkunar viðkomandi starfa.

Aðilar munu fylgjast með þróun fjölda þessara starfa á vettvangi samstarfsnefndar.

<sup>2</sup> Reglur um sjúkraliða af sjúkraliðabré voru samþykktar í samstarfsnefnd 23. maí 2008  
08.01.2024



### **Bókun 6- Sjúkraliðar í varnarteymi á geðdeildum**

Sjúkraliðar sem eru í varnarteymi á geðdeildum LSH samkvæmt ákvörðun raðast tveimur launaþrepum ofar en ella. Launauki þessi fellur niður þegar starfsmaður hættir í varnarteyminu.

### **Bókun 7 – Sjúkraliðar með diplómapróf**

Aðilar eru sammála um mikilvægi þess að nýta aukna menntun sjúkraliða í ljósi nýrrar námsleiðar á háskólastigi.

Landspítali mun í því samhengi vinna að og skoða nýjar starfsleiðir til að nýta hærra menntunarstig sjúkraliða.

### Fylgiskjal 3 - Röðunarreglur

Röðunarreglur og skráning í mannauðskerfi skv. stofnanasamningi

janúar 2024

		Röðun starfa	Viðbótarmenntun 4a. <sup>1)</sup>	Viðbótarmenntun 4b. <sup>1)</sup>	Símenntun 120 st. <sup>2)</sup>	Símenntun 180 st. <sup>2)</sup>	Símenntun 240 st. <sup>2)</sup>	Símenntun 300 st. <sup>2)</sup>	Eins árs sérnám <sup>3)</sup>	Diplómanám 4)	Varnarteymi <sup>5)</sup>	Næturv +50% / +60% <sup>6)</sup>
Nemi	S.nemi í starfsþjálfun	090										
A	S á 1. starfsári	170	+1 þrep	+1 þrep	+1 þrep	+1 þrep	+1 þrep	+1 þrep	+2 þrep		+2 þrep	+3 þrep / 4 þrep
B	S á 2. og 3. starfsári	180	+1 þrep	+1 þrep	+1 þrep	+1 þrep	+1 þrep	+1 þrep	+2 þrep	+2 þrep	+2 þrep	+3 þrep / 4 þrep
C	Eftir þriggja ára starf	181	+1 þrep	+1 þrep	+1 þrep	+1 þrep	+1 þrep	+1 þrep	+2 þrep	+2 þrep	+2 þrep	+3 þrep / 4 þrep
D	Eftir fimm ára starf	191	+1 þrep	+1 þrep	+1 þrep	+1 þrep	+1 þrep	+1 þrep	+2 þrep	+2 þrep	+2 þrep	+3 þrep / 4 þrep
E	Sbr. starfslýsingu E	211	+1 þrep	+1 þrep	+1 þrep	+1 þrep	+1 þrep	+1 þrep	+2 þrep	+2 þrep	+2 þrep	+3 þrep / 4 þrep
F	Sbr. starfslýsingu F	230	+1 þrep	+1 þrep	+1 þrep	+1 þrep	+1 þrep	+1 þrep	+2 þrep	+2 þrep	+2 þrep	+3 þrep / 4 þrep
S	Viðb. í sérnámi	251	+1 þrep	+1 þrep	+1 þrep	+1 þrep	+1 þrep	+1 þrep			+2 þrep	+3 þrep / 4 þrep

1) Viðbótarmenntun, sem nýtist í viðk. starfi samkv. mati samst. nefndar SLFÍ og LSH:  
+ 1 þrep (stofnasamn. gr. 5-a) - viðbótarmenntun ein önn á sérsviði  
+ 1 þrep (stofnasamn. gr. 5-b) - viðbót við 5-a - viðbótarmenntun í fleiri en einni grein

2) Símenntun samkv. mati samstarfsnefndar SLFÍ og LSH (sbr. reglur matsnefndar):  
+ 1 þrep f. 120 st. nám  
+ 1 þrep f. 180 st. nám  
+ 1 þrep f. 240 st. nám.  
+ 1 þrep f. 300 st. nám.

Hámark 4 þrep v. símenntunar. (stofnasamn. gr. 5-c).

3) Eins árs sérnám, sbr. grein 5-d og bókun 5: + 1 þrep ef starfsmaður er í starf flokkun A-F.

4) Sjúkraliði sem lokið hefur fagnámi til diplómaprófs fyrir starfandi sjúkraliða hækkar um tvö þrep

5) Sbr. bókun 7.

6) Sbr. gr. 6.

**Sjúkraliðabrá:** Sjúkraliðar sem ljúka námi eftir sjúkraliðabrá á forsendum náms á LSH og eru starfsmenn LSH á meðan á námi stendur raðist í B. Þeir skulu ekki lækka í launum við að færast á milli stéttarféлага ef þeir halda áfram í sama starfi, sbr. yfirlýsingu LSH í samstarfsnefnd 23.05.2008 og bókun 3 með stofnasamningi aðila.

**Sjúkraliðar á rannsóknarkjarna:** Sjúkraliðar á rannsóknarkjarna styðjast við starf flokkun skr. bókun 4 með samningi.

## Undirritunarsíða

f.h. Landspítala  
Gunnar Helgason

f.h. Landspítala  
Atli Atlason

f.h. Sjúkraliðafélags Íslands  
Sandra Bryndísardóttir Franks

f.h. Sjúkraliðafélags Íslands  
Gunnar Örn Gunnarsson